

SAMKOMULAG UM TILTEKIN NOT

1. Efni samkomulags

_____ kt. _____ (notandi) fær framseldan afnotarétt/einkarétt (merkja við hvort um ræðir) til að nota verkið _____ (nafn verks) eftir _____ (höfundur eða listamannsnafn) í starfsemi sinni. Höfundur eða höfundaréttthafi er _____ kt. _____ (höfundaréttthafi).

2. Hugverk og höfundaréttur – notkun og miðlun

Höfundaréttthafi á allan höfundarétt á þeim hugverkum sem um er fjallað í samningi þessum. Myndhöfundasjóður Íslands, Myndstef kt. 540891-1419 kemur fram fyrir hönd rétthafa skv. umboði. (ef við á)

Verkkaupi fær einungis notkunarrétt á hugverkunum eins og hann er skilgreindur í 1.gr. hér að framan. Þessi réttindi ná til notkun á verki höfundar í þessum tilfellum:

Öll önnur notkun er óheimil, nema með samþykki rétthafa og eftir atvikum sérstökum greiðslum.

Framsal á réttindum eftir samningi þessum er óheimil notkun þriðja aðila á hugverkunum er einnig háð samþykki höfundar. Skal þá semja við höfundaréttthafa/Myndstef í hverju tilviki fyrir sig.

Verkkaupi skuldbindur sig til þess að geta nafns höfundar við hverskonar nýtingu hugverkanna þegar því verður við komið.

Höfundaréttthafi ábyrgist að notkun efnis og aðrir þættir í myndverkunum brjóti ekki í bága við réttindi þriðja aðila.

3. Tímabil og svæði

Samkomulag þetta gildir _____ ár og er svæðið _____.

4. Þóknun

Þóknun vegna notkun höfundaréttar samkvæmt samningi þessum er _____ og greiðist eftir framlögðum reikningi. Gjaldþagi er 1. september ár hvert, en eindagi 10 dögum seinna. Öll umfram notkun krefst nýs samkomulags og greiðslna.

5. Aðilaskipti og framsal

Verkkaupa er óheimilt að framselja réttindi sín og skyldur til þriðja aðila nema með samþykki höfundar. Hætti verkkaupi starfsemi sinni m.a. vegna gjaldþrots, hverfa réttindi hans samkvæmt samningi þessum endurgjaldslaust til höfundar.

6. Vanefndir

Ef notandi vanefnir verulegar skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum skal hann hætta notkun tafarlaust, sem og greiða skaðabætur ef við á. Notandi ber ábyrgð á að verk höfundar séu fjarlægð af öllum notkunarmiðlum og svæðum sem verkið hefur birst í skjóli þessa sammings.

7. Lög og gildandi réttur

Að öðru leyti en að ofan greinir gilda ákvæði höfundarlaga nr. 73/1972 með áorðnum breytingum.

8. Lögsaga

Samkomulag þetta er gert í tveimur samhljóða eintökum og því til staðfestu rita aðilar nöfn sín hér undir í votta viðurvist. Ef ágreiningur verður skal reka mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík _____ (dags)

f.h. notanda

f.h. höfundaréttthafa